

Formannafundur ÍBA 27.febrúar 2012.

Haldinn í Íþróttahöllinni á Akureyri, fimmtudaginn 27.febrúar 2013 kl.
18.00



Mættir:

Stjórn ÍBA: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir og Hörður Sigurharðarson.

ÍBA: Þóra Leifsdóttir

ÍRA: Tryggvi Gunnarsson

Akureyrarbær: Ellert Örn Erlingsson

KA: Hrefna G. Torfadóttir, Sævar Pétursson

Eik: Haukur Þorsteinsson

Þór: Eiður Arnar Pálmason

SkotAk.: Gyða Árnadóttir, Björn Snær Guðbrandsson

BA: Einar Gunnlaugsson, Ásgeir Bragason

SA: Sigurður Sigurðsson

KKA: Þorsteinn Hjaltason

Óðinn: Halla Halldórsdóttir

Léttir: Andrea Þorvaldsdóttir

FIMAK: Guðrún Vaka, Inga Stella Pétursdóttir

KFA: Grétar Skúli Gunnarsson, Kristján Heimir Buch

UFA: Gunnar Gíslason

SKA: Guðjón Marteinnsson

Pröstur Guðjónsson formaður ÍBA setti fundinn og bauð gesti velkomna

1. Skýrsla formanns.

Pröstur sagði ánægjulegt hve síðasti formannafundur var fjölmennur og einnig sagði hann athöfn um val á Íþróttamanni Akureyrar sem haldinn var í janúar sl. Hafa heppnast mjög vel.

2. Landsmót UMSÍ á Selfossi 4-7.júlí 2013 Pröstur fór aðeins yfir söguna á þátttöku ÍBA í landsmótum UMSÍ sem hefur verið síðan 2004. ÍBA hefur styrkt þátttakendur með greiðslu mótsgjalds og með búningum. Síðast voru liðlega 100 þátttakendur. Hann lýsti jafnframt mikilvægi þess að aðildarfélögin fari sameiginlega í verkefnið, það yrði til að efla samsskiptin og samstarfið. Bent á heimasíðu mótsins http://www.landsmotumfi.is/umfi09/landsmot_2013//default.aspx með nánari upplýsingar.

Orðið var gefið laust.

Gunnar Gíslason formaður UFA tók til máls og sagði frá því að UFA hafi óskað eftir að ÍBA kæmi einnig að undirbúningi fyrir unglíngalandsmót. Að búin yrði til umgjörð þannig að ávallt yrði keppt undir fánum ÍBA, Akureyringar sem einn hópur. Hann sagði þetta ekki kalla á aukna vinnu hjá félögunum heldur snúast um hvatningu til félaga sinna að mæta, halda utanum skráningar og að halda hópnum saman. Skapa sameiginlega stemningu.

Pröstur ítrekaði að Unglíngalandsmót hefði aðrar áherslur t.d.færri greinar. Unglíngalandsmót verður á Höfn í Hornafirði 2-4.ágúst nk en á Akureyri 2015.

Andrea M. Þorvaldsdóttir Formaður Léttis lýsti samþykki fyrir auknu samstarfi og sameiginlegri þátttöku aðildarfélaganna ÍBA.

Haukur Valtýsson lagði áherslu á og sagði þetta tækifæri til að efla samstöðu félaganna á Akureyri. Hann sagði jafnframt að unglíngalandsmótin væru talin besta forvarnarverkefni og mikilvægt að styðja við það að unglíngar hafi tækifæri til að taka þátt.

Lagt var til að stjórn ÍBA stilli upp 4-5 manna undirbúningsnefnd sem færi í undirbúningsvinnu fyrir þáttöku í báðum mótum á þessu ári. Tillagan var samþykkt einróma.

3. Fræðsluerindi á formannafundum og þingum

Ellert Örn Erlingsson fór nokkrum orðum um fræðsluerindi og fundi, markmið og tilgang. Haldið hafi verið málþing í haust og kynning á vegum ÍSÍ um daginn sem hefðu ekki verið nægilega vel sótt. Varpaði fram þeirri spurningu hvernig hægt væri að fá betri mætingu til að fræðslan skili sér betur út í starfið? Hann sagði m.a. fræðsluna vera þjónustu við félögin, símenntun og leið til að bæta starfið. Sagði þörf á að auka samstarfið og ná betur athygli t.d. þjálfara. Varpaði fram spurningunni hvort þetta fyrirkomulag væri ekki að virka? Spurning með betri kynningu.

Ellert fór yfir niðurstöður Ánægjuvogarinnar, sem var könnun á Akureyri um mörg atriði sem tengjast þáttöku ungmenna í íþróttum. Hann sagði niðurstöðuna geta nýst til að bæta starfið. Hann spurði hvort félögin hefðu almennt stefnu um fræðslu og endurmenntun og hvatti til að félögin hafi slíka áætlun í gangi. Hjá honum kom fram að hann sér um forvarnarmál tímabundið í fjarveru Grétu forvarnarfulltrúa.

Gunnar Gíslanson lagði til að ÍBA og ÍRA bjóði félögunum upp á skyndihjálparpakka 1-2 svar á ári. Ellert sagðist líta á formannafundi sem gott tækifæri til að auka samskiptin og gefa skýrslu sjálfur. Hann benti á vefsíðuna <http://www.akureyri.is/rosenborg/ithrottamal> til upplýsingagjafar. Hann sagði frá nýju tölvukerfi fyrir skráningu iðkenda og greiðslu æfingagjalda sem stefnt sé að öll félögin fari í og taki sameiginlega þátt í kostnaði við. Kerfið kemur til með að tengjast Felix og möguleiki gæti verið að hafa tengil á heimasíðu ÍBA. Ellert hvatti að lokum fundarmenn til að hafa samband við sig ellert@akureyri.is ef einhverjar spurningar vakni.

Þröstur þakkaði Ellert fyrir hans innlegg á fundinn og fagnaði því að aðgengi að forvarnarnámskeiðum yrði betra.

3. Önnur mál

Rædd var aðeins tímasetning á fundum/fræðslu.

Aðalfundir. Þröstur brýndi fyrir aðildarfélögunum að auglýsa vel aðalfundi og tilkynna til ÍBA. Einnig sagði hann sérsambönd vera með misjafnar útgáfur af reglum um hve margir fulltrúar frá Bandalögum eigi sæti á þingum. Hann hvatti til aukinnar kynningar á þessum málum.

Tryggingarmál. Þegar slys eiga sér stað innan félaganna í keppni á viðkomandi aðili að vera tryggður hjá sérsambandinu en heimilstrygging tryggir viðkomandi á æfingum. Fram kom að sjúkrastyrkur ÍSÍ sem er fyrir 18 ára og eldri hefur dregist saman. ÍBA á að vera með tryggingu sambærilega skólatryggingu á æfingum. Hvatt var til að setja upplýsingar um tryggingamál á heimasíðuna. Til að skýra betur var nefndur möguleiki að fá lögmann bæjarins á fund eða fá úttækt.

Heimasíða ÍBA. Fundarmenn lýstu yfir óánægju með heimasíðu ÍBA, þar mættu vera meiri upplýsingar og tenglar betur virkir. Verið er að vinna í málinu.

Þröstur þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og ítrekaði að alltaf komi fulltrúi frá félögunum á þessum fundum, þó að formaður komist ekki sjálfur.

Fundi var slitið kl.19.15

Margrét Ólafsdóttir, ritari